

um stefnumörkun í landbúnaði.

Flm.: Egill Jónsson, Steinþór Gestsson, Eggert Haukdal, Vigfús B. Jónsson, Ólafur G. Einarsson, Ragnhildur Helgadóttir, Eyjólfur Konráð Jónsson, Matthías Bjarnason, Guðmundur Karlsson, Salome Þorkelsdóttir, Halldór Blöndal, Þorv. Garðar Kristjánsson, Albert Guðmundsson, Jósef H. Þorgeirsson, Friðrik Sophusson, Matthías Á. Mathiesen, Pétur Sigurðsson, Sverrir Hermannsson, Geir Hallgrímsson.

**Alþingi ályktar að stefnumörkun í málefnum landbúnaðarins skuli byggjast á eftirfarandi grundvallaratriðum:**

- I. Treysta skal sjálfseignarábúð bænda á jörðum. Eignarréttur einstaklinga og sveitarfélaga á landi og hlunnindum verði verndaður. Landbúnaðurinn verði jafnan metinn sem sjálfstæður atvinnurekstur, þar sem framsýni og hyggindi njóti sín og sú áhætta, sem felst í rekstri og uppbyggingu, leiði til aðhalds og ábyrgðar.
- II. Grundvöllur landbúnaðar, er felst í ræktun landsins, verði treystur og verðmæti jarðargróðurs aukin með nýrri þekkingu og tækni. Unnið verði markvisst að aukinni hagkvæmni í landbúnaðinum ásamt fjölbreytni í framleiðslu og fullvinnslu búvara.
- III. Framleiðsla landbúnaðarafurða miðist fyrst og fremst við það, að fullnægt verði þörfum þjóðarinnar fyrir neysluvörur og hráefni til iðnaðar. Auk þess verði tekið fullt tillit til þjóðhagslegs gildis þeirra atvinnutækifæra annarra, sem landbúnaðarframleiðslan veitir.
- IV. Áhersla verði lögð á að treysta byggð í sveitum landsins. Miðað verði við að hefðbundnar búgreinar ásamt aukinni nýtingu hlunninda fullnægi atvinnuþörf sveitanna í núverandi mynd, en nýjar búgreinar og aukin atvinnutækifæri, m. a. í iðnaði og þjónustugreinum, auki á styrk byggðar í sveitum landsins.
- V. Landbúnaðinum verði búin þau skilyrði, að unnt sé að tryggja bændum sambærileg lífskjör við aðrar fjölmennar stéttir þjóðfélagsins.
- VI. Íbúum sveitanna verði með lögum veitt sambærileg félagsleg réttindi og þorri annarra þegna þjóðfélagsins nýtur. Aukið verði jafnræði í aðstöðu til mennta og í þjónustu opinberra aðila án tillits til búsetu.
- VII. Gætt verði hófsemi í umgengni við landið og náttúru þess. Tryggt verði, svo sem tók eru á, að varðveitt sé sérstæð náttúrufyrirbrigði, gróður, dýralíf og hlunnindi. Öllum verði gefinn kostur á að njóta samskipta við náttúru landsins og séð verði fyrir opnum svæðum til útivistar, þjóðgörðum og tjaldstæðum.

**Til að unnt sé að ná framangreindum markmiðum er m. a. bent á:**

1. Gerðar verði markvissar ráðstafanir til að koma á jafnvægi í framleiðslu og sölu búvara. Samtök bænda fái viðtækar heimildir til að stjórna framleiðslu landbúnaðarvara í samræmi við þarfir markaðarins á hverjum tíma.
  - Í þessu sambandi er lögð áhersla á:
    - a. Heimilt verði að leggja gjald á allt innflutt kjarnfóður, er að upphæð verði svipað og nemur útflutningsbótum á kjarnfóðri frá viðskiptalöndum okkar.
    - b. Á meðan það ástand varir í landbúnaðinum, að heimildir til útflutningsbóta nægja ekki til að verðbæta útfluttar búvörur verði heimilt að leggja á sérstakt gjald á hámarksnotkun kjarnfóðurs, er miðist við framleiðslu og bústofn.

Á meðan kvótakerfi er í framkvæmd verði þau bú, sem eru með svipaða eða minni framleiðslu en grundvallarþú verðlagsgrundvallar og ekki hafa umtalsverðar tekjur annars staðar frá, undanþegin framleiðslukvóta og sérstakt tillit verði tekið til frumbýlinga og þeirra annarra bænda, sem fjárfest hafa í landbúnaði á síðari árum.

- c. Heimildir verði áfram í lögum um verðmiðlun búvöru.
  - d. Samtökum bænda verði veittar heimildir til að skipuleggja og hagræða framleiðslu búvara innan héraða og framleiðslusvæða. Í því sambandi er áhersla lögð á að markaðsþörf innanlands sé alls staðar fullnægt.
2. Til að auðvelda framleiðendum búvara aðlögun að breyttri skipan framleiðslumála og til að koma í veg fyrir snöggar breytingar í landbúnaðarframleiðslunni, sem hefðu í för með sér erfiðleika í rekstri, er m. a. leiddi til skorts á búvörum, þegar framleiðsla þeirra er í lágmarki, verði sú útflutningsframleiðsla, sem ekki nýtur verðbóta, að hluta verðtryggð.

Árið 1980 nemi sú verðtrygging 60% af umframframleiðslunni, árið 1981 40% og þegar þessu fyrirkomulagi lýkur árið 1982 nemi hlutdeild verðtryggingarinnar aðeins 20% af óverðtryggðri framleiðslu búvara.

3. Þeirri heimild, sem nú er í lögum um verðtryggingu búvara til útflutnings, verði breytt þannig, að heimilud sé greiðsla til ákveðinna framleiðsluþátta á frumstigi. Heimildir til viðmiðunar verði innan þess ramma sem nú er, og nái ekki til nýrra búgreina. Jafnframt verði tryggt að þær greiðslur hafi áhrif til lækkunar á framleiðslukostnaði búvara.

Í þessu sambandi kemur m. a. til greina:

- a. Greiðsla til Áburðarverksmiðju ríkisins til að lækka verð á tilbúnum áburði.
  - b. Greiðsla vegna fjármagnskostnaðar.
  - c. Niðurgreiðsla á vinnsluvörum á markað innanlands til að auðvelda sölu þeirra, t. d. til þarfa iðnaðarins.
  - d. Beinar greiðslur til bænda, sbr. þingsályktun um beinar greiðslur til bænda, sem samþykkt var á Alþingi fyrir ári.
4. Þar sem á vissum svæðum landsins á sér enn stað eyðing gróðurlendis og Ísland er sérlega vel fallið til grasræktar, skiptir það höfuðmáli að bæta og vernda gróðurfurfar í byggð og óbyggð. Með hliðsjón af þeirri vitneskju, sem fengist hefur með tilraunum og rannsóknum, ber að hraða úttekt gróðurlendisins svo að unnt verði að ákvarða nýtingu þess og koma í veg fyrir ofbeit þar sem hún kann að eiga sér stað.

Stórátak verði gert til að tryggja heyrverkun í landinu með aukinni votheysverkun og súgurrkun. Jafnframt verði komið á skipulagðri uppbyggingu fóðuriðnaðar, er miði að því að í landinu verði að mestum hluta framleitt það fóður sem þörf er fyrir innanlands.

5. Gert verði öflugt átak í markaðsmálum landbúnaðarins. Þess verði freistað að ná samningum við stjórnvöld í helstu viðskiptalöndum okkar um að fá fellda niður innflutningstolla af íslenskum landbúnaðarafurðum, m. a. í tengslum við aðra viðskiptasamninga.

Gert verði skipulagt átak í að fullvinna innanlands þær landbúnaðarvörur, sem nú eru fluttar óunnar úr landi, t. d. gærur og ull, og auka þannig verðmæti útfluttra landbúnaðarvara stórlega. Skipulag á sölu- og markaðsmálum landbúnaðarins, er lýtur að útflutningi búvara, verði tekið til endurskoðunar m. a. með það fyrir augum að tryggja bændasamtökunum beina aðild að framkvæmd þeirra mála.

6. Lánamál landbúnaðarins verði tekin til endurskoðunar. Þar verði m. a. athugað hvaða áhrif núverandi lánareglur, er fela í sér fulla verðtryggingu, hafa á rekstur Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Jafnframt verði kannað að hve miklu leyti Lífeyrissjóður bænda geti fullnægt lánsfjárförf landbúnaðarins í framtíðinni.

Þá verði tekið til endurmats, m. a. með tilliti til breyttra lánskjara, hvort ekki sé unnt að fella niður það gjald, sem innheimt hefur verið af búvöruverði og hefur í raun verið varið til lánaþjófnaðar, eða að öðrum kosti verði því varið til eflingar nýrra verkefna, sbr. 8. lið.

Rekstrar- og afurðalán verði þau sömu og til annarra atvinnuvega og greiðslum hagað skv. ályktun Alþingis frá 22. maí 1979.

7. Til að ná því markmiði að koma á jafnvægi í framleiðslu og eftirspurn (markaði) og til þess að treysta grundvöll nýrra verkefna í landbúnaði, verði rannsóknar- og leiðbeiningastörfum beint að þeim verkefnum. Bændaskólarnir taki upp verklega og bóklega kennslu í nýjum búgreinum í samræmi við niðurstöðu tilrauna- og rannsóknarstarfseminnar.

Hér kemur m. a. til greina hagræðing og einföldun í rekstri búanna, nýting jarðhita, sem æ víðar kemur til nota, fiskrækt í ám og vötnum og önnur hlunnindi, einnig mat á gróðri og uppskeru túna og beitilanda, fjölbreytni í ræktun grænifóðurs, garðávaxta, skjólbelta og skóga, korns og fleiri tegunda, með sérstöku tilliti til íslenskra aðstæðna og möguleika. Þá má nefna ný áform í búfjárrækt, svo sem séræktun ákveðinna eðlisþátta innlendra búfjárfjórkyntja, sem miðuðu að verðmætari útflutningi búvara.

Til að treysta þessi áform í framkvæmd er áhersla lögð á að efla rannsóknarstarfseminna og gera tilraunir á tilraunastöðvunum sjálfum svo og á búum bænda í svo ríkum mæli sem nokkur kostur er á.

8. Komið verði á skipulagðri starfsemi og ákveðnu formi varðandi uppbyggingu nýrra búgreina og ræktun nýrra búfjórkyntja.

Þar verði m. a. kveðið á um, hvernig haga beri innflutningi á nýjum búfjórkyntjum, fyrirkomulagi í rekstri og rannsóknum, sölu og vinnslu framleiðsluvara og félagslegum grundvelli þessarar starfseminna.

Stofnuð verði sérstök deild innan Stofnlánadeildar landbúnaðarins til stuðnings við ný verkefni í landbúnaði.

#### Greinargerð.

Segja má að stefna í landbúnaðarmálum hafi verið óbreytt í tvo áratugi. Með breytingum á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins árið 1960 var landbúnaðinum tryggður réttur til bóta á útfluttar búvörur, er að upphæð máttu nema allt að 10% af heildarverðmætum landbúnaðarvara. Þessi lögboðna verðtrygging nægði til ársins 1976 en þá hófst sá vandi, sem síðan hefur sífellt vaxið, að óverðtryggðar birgðir búvara hafa aukist ár frá ári. Vöntun útflutningsbóta á þessu tímabili hefur numið:

Verðlagsárið 1976/77	500 millj. kr.
Verðlagsárið 1977/78	1 800 millj. kr.
Verðlagsárið 1978/79	3 487 millj. kr.

Í upphafi verðlagsárs 1979/80 var áætlað að um 7 milljarða skorti til þess að verðbæta alla umframframleiðslu búvaranna. Í reynd mun þessi vöntun nema 5.9 milljörðum króna, sem meðal annars skýrist með þeim hömlum sem settar hafa verið á framleiðslu búvara.

Afleiðing þessarar þróunar er augljós. Birgðir hlaðast upp, framleiðendur fá ekki fullar greiðslur fyrir framleiðslu sína, sem síðar leiðir til ófyrirsjáanlegra erfiðleika í rekstri, er hitna harðast á þeim er verr eru settir.

Afleiðingin verður óhjákvæmilega sú, að einhver hluti bændanna í landinu verður að endurmeta stöðu sína og velja sér viðfangsefni á öðrum sviðum.

Svo að unnt sé að ná fram breytingum í framleiðslumálum landbúnaðarins er nauðsynlegt að leitast við að einangra þær ástæður sem leitt hafa til núverandi ástands.

### Bústofn.

Sé litið á tölu mjólkurkúa eins og hún hefur verið tvo síðustu áratugi kemur í ljós að nokkrar sveiflur í mjólkurkúastofninum hafa átt sér stað á milli ára, sem rekja má til breytinga á árferði. Sé hins vegar tekið meðaltal af mjólkurkúastofninum milli tveggja síðustu áratuga kemur í ljós að á árunum 1960—1970 er tala mjólkurkúa að meðaltali 38 900 kýr, en á áratugnum 1970—1980 er sambærileg tala nokkru lægri eða 36 100 kýr.

Þegar samanburður er gerður á tölu sauðfjár á þessu sama árabili kemur í ljós að þótt um fremur smávægilegar breytingar sé að ræða eru þær gagnstæðar því, sem er varðandi mjólkurkúastofninn.

Árin 1960—1970 er árleg meðaltalstala sauðfjár 806 800, en sambærileg tala árána 1970—1980 er 837 500. Af þessum samanburði má ráða að breytingar í bústofni hafa nánast engin áhrif á umframframleiðslu þessara greina landbúnaðarins. Hins vegar kemur hér fram greinileg viðleitni bændanna í þá átt að fella framleiðslu sína að meiri hagkvæmni í útflutningi með tilliti til verðlags á erlendum mörkuðum.

### Framleiðsla búvara.

Í linuriti I kemur fram hverjar breytingar hafa orðið á framleiðsluvörum landbúnaðarins á síðustu tveimur áratugum.

Þar kemur fram að um nokkra aukningu er að ræða. Sé miðað við framleiðsluárið 1969/1970, en þá var landbúnaðarframleiðslan í lágmarki, hefur um nokkuð stöðuga framleiðsluaukningu verið að ræða, sem nú síðustu tvö árin nemur tæpum 30%. Í þessu sambandi er þó vert að geta þess, að þessi ár eru bæði afbrigðileg að því er framleiðslu varðar, þótt ástæðurnar séu ólíkar. Fyrri árið var landbúnaði afar hagstætt að því er allt árferði áhrærði, en hið síðara var illt, það erfiðasta fyrir landbúnaðinn. Af þeirri ástæðu var ásetningur minni en ella hefði verið og þar af leiðandi barst meira kjöt á markað.

Ef hins vegar er gerður samanburður á framleiðslumagni búvara og fólksfjölda kemur í ljós að mjólkurframleiðslan er hin sama á íbúa árið 1979 og hún var árið 1960 (sjá töflu VI í fylgiskjali II).

### Kjarnfóður.

Þótt augljóst sé að hvorki fjölgun búfjár né aukning í framleiðslu sé hin raunverulega orsök verður ekki á móti mælt að við það verðlag, sem nú er í landinu, er landbúnaðarframleiðslan of mikil. Í þessu sambandi ber sérstaklega að íhuga hver hlutur innflutts kjarnfóðurs hefur verið í að halda uppi framleiðslunni og auka hana að því marki sem áður er lýst.


Árin 1950—60 er innflutt kjarnfóður innan við 10% af heildarfóðurorkunni, en hefur farið vaxandi og er nú orðið 25% (sjá töflu V3 á fylgiskjali II).


Samkvæmt niðurstöðum búreikninga árin 1970—1978 eykst hlutdeild fóðurbætis í mjólkurframleiðslunni úr um 20% árið 1970 í um 30% árið 1978. Í sauðfjárrækt hefur notkun fóðurbætis ekki tekið umtalsverðum breytingum og numið um 15% af vetrarfóðurorku sauðfjárins.


Samkvæmt upplýsingum úr Árbók landbúnaðarins og Hagtíðindum hafa á árunum 1960—1969 komið fram sveiflur í framleiðslu búvara sem rekja má til breytinga í heyafli. Eftir 1970 gætir árferðis í mjólkurframleiðslunni sáralítið, sem skýrist með aukinni notkun kjarnfóðurs (sjá töflu V1, V2, V4 á fylgiskjali II).

Sé borið saman verð á kjarnfóðri og mjólk síðustu tvo áratugi kemur í ljós að kjarnfóður er nú helmingi ódýrara en þá var. Athyglisvert er að þrjú síðustu árin er kjarnfóðrið sérstaklega ódýrt. Sjá töflu V2 á fylgiskjali II.

Visitāla framleiðslumagns.







### **Áhrif verðbólgunnar.**

Línurit sýnir þróun framleiðslumagns og verðlags landbúnaðarafurða verðlagsárin 1965/66 til 1978/79. Einnig er sýnd fyrir sama tímabil vísitala vöru og þjónustu svo og vísitala hámarksverðábyrgðar skv. upplýsingum Hagstofu Íslands.

Vísitala framleiðslumagns gefur til kynna breytinguna á búvöruframleiðslunni miðað við fast verð og hefur framleiðslan allt tímabilið þá verið verðlögð á verðinu 1969.

Vísitala búvöruverðs sýnir verðþróun búvörunnar á sama tímabili og er þá miðað við verð til framleiðenda.

Vísitala vöru og þjónustu, þ. e. A-liður vísitölu framfærslukostnaðar, er hér sýnd til samanburðar sem vísbending um almenna verðþróun á þessum tíma.

Vísitala hámarksverðábyrgðar gefur til kynna hver verðábyrgðin hefði orðið miðað við fulla nýtingu hennar á hverju ári, þ. e. sem nemur 10% af verðmæti búvöruframleiðslunnar. Síðustu þrjú árin er einnig sýnd sem dæmi ábyrgðin að meðtalinni vöntun útflutningsbótanna.

Af línuritinu má ráða, að síðustu tvö verðlagsár, þ. e. 1977/78 og 1978/79, hefur landbúnaðarframleiðslan orðið um 30% meiri en verðlagsárið 1969/70 og frá verðlagsárinu 1971/72 fer framleiðslan að aukast að marki. Enn fremur má af línuritinu ráða, að frá og með verðlagsárinu 1976/77 fer að gæta vaxandi misvægis milli útflutningsbótaþarfar og almennrar verðþróunar í landinu. Síðustu tvö árin ríflega þrefaldast útflutningsbótaþörfin, en framleiðsluaukingin á sama tíma er óveruleg eða nálægt 4%. Á sama tíma tæplega tvöfaldast almennt verðlag í landinu.

Af þessum samanburði má m. a. ráða hve hlutur markaðsverðs erlendis hefur stöðugt farið minnkandi og hve lítils sá markaður er megnugur í þeirri verðbólgu sem hér geisar.

Hér er óþarft að fara um fleiri orðum. Sú mynd, sem hér blasir við, skýrir sig sjálf.

### **Orsakir og markmið.**

Hér að framan hefur verið lýst þeim ástæðum er liggja til grundvallar þeim vandamálum í framleiðslu búvara, sem landbúnaðurinn stendur nú frammi fyrir. Þessir orsakabættir eru einkum:

1. Verðbólguþróunin hér á landi.
2. Notkun og verðlagning kjaranfóðurs.
3. Aukin vernd landbúnaðar í markaðslöndum okkar.

Í þeirri umræðu um vandamál landbúnaðarins, sem að undanfögnu hefur átt sér stað, hafa komið fram margvíslegar tillögur um lausn þessa vanda. Mikill hluti þeirra tillagna og ábendinga getur í engu talist mótaleikur gegn þeirri þróun, sem átt hefur sér stað.

Sérstaklega er hér varað við allri tilhneigingu til að draga úr framförum og umbótum í landbúnaði. M. a. á þetta við um bættan húsakost, tækninýjungar og þó alveg sérstaklega allar umbætur í ræktun og nýtingu jarðar og jarðargróða. Þá verður að vara mjög alvarlega við allri viðleitni í þá átt að halda ungum mönnum utan starfa í landbúnaði, miklu fremur er ástæða til að leggja á það ríka áherslu að auðvelda kynslóðaskipti í landbúnaði.

Allt annað mál er að mikil þörf er að taka mið af nýjum viðhorfum, sem óhjákvæmilega hljóta að hafa í för með sér mat á hinum ýmsu þáttum landbúnaðarins, m. a. heppilegustu stærð framleiðslueininga og hagkvæmni í rekstri búanna. Til grundvallar þeirri stefnumótun í landbúnaði, sem hér er lögð til, er áhersla lögð á að byggð í sveitum haldist í meginatriðum óbreytt. Fjölpættari atvinnumöguleikar, sem m. a. byggjast á nýjum búgreinum, þurfa verulegan tíma til aðlögunar áður en þeir geta tekið við því vinnuafli sem þar er fyrir.



Lausn framleiðsluvanda búvara, umbætur og framfarir í landbúnaði næstu ára verður því einkum að grundvallar á:

1. Ákveðnari stjórn framleiðslu búvara, sem m. a. grundvallast á rýmri og ákveðnari heimildum þar um og fullri ábyrgð samtaka bænda á framleiðslumálum landbúnaðarins.
2. Betri samkeppnisaðstöðu og stórbættri nýtingu innlendrar fóðurframleiðslu.
3. Rýmri heimildum varðandi ráðstöfun þess fjár, sem nú er einvörðungu bundið við greiðslu útflutningsbóta og nemur 10% af heildarverðmæti landbúnaðarvara.
4. Aukningu á verðmæti landbúnaðarvara innanlands, bæði að því er varðar neyslu og iðnað.
5. Umbótum í verslun með búvörur.

Augljóst er að þær breytingar, sem gerðar voru á lögum um framleiðsluráð landbúnaðarins á síðastliðnu ári og veita rýmri heimildir til að stjórna framleiðslunni, eru engan veginn fullnægjandi, auk þess sem þar er um ýmsa augljósa ókosti að ræða, m. a. að því er varðar framkvæmd þessara mála.

Sjálfstæðisflokkurinn er andvígur því fyrirkomulagi í stjórn framleiðslumála er byggist á framleiðsluskömmtnun eða kvótafyrirkomulagi, eins og sú aðferð er jafnan nefnd.

Með þeim fyrirvörum, sem að framan greinir, er þó hægt að fallast á að slíkar heimildir séu fyrir hendi í lögum. Við núverandi aðstæður í peninga- og verðlagsmálum, þar sem verðgildi útflutningsbóta rýrnar og stöðugt breiðkar bilið milli framleiðslukostnaðar búvara og þess verðs, er fæst fyrir þær vörur á erlendum mörkuðum, getur þurft að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir óeðlilega birgðasöfnun.

Notkun kjarnfóðurs hefur tekið breytingum eftir verðlagi þess á hverjum tíma, sem síðan hefur komið fram í aukinni framleiðslu. Þetta sýnir, að kjarnfóðurgjald er áhrifamikil leið til að stjórna framleiðslu á búvörum.

Sé litið á skiptingu kjarnfóðurs eftir búgreinum má ætla að nálega helmingur þess fari til nautgriparéktar, ca. 12—15% fari til sauðfjárréktar og ca. 35—38% til annarra búgreina. Augljóst er, að kjarnfóðurgjald kemur þannig misjafnlega niður á hinar einstöku búgreinar, sem óhjákvæmilega hlýtur að leiða til andstöðu við það innan bændastéttarinnar.

Þá ber líka að athuga, hvornig tekjum af kjarnfóðurgjaldi yrði varið. Sé það ekki talið til kostnaðar við búreksturinn er það orðin bein skattlagning á bændurnar í landinu. Þess vegna er lögð á það áhersla, að það fjármagn, sem fæst vegna kjarnfóðurgjalds, verði hagnýtt þannig að leiði til frekari framleiðni í búrekstri, hagkvæmni við innlenda fóðurframleiðslu svo og til þróunarverkefna, allt eftir eðli og möguleikum hverrar búgreinar.

Þær heimildir, sem nú eru í lögum varðandi verðmiðlun búvara og gjald til verðjöfnunar þeirra, eru enn sem fyrr nauðsynlegur þáttur í sölukerfi landbúnaðarframleiðslu. Athugandi er hvort ekki sé unnt að beita þeim heimildum í viðtækari mæli en nú er gert, t. d. með því að greiðslur til bænda verði í meira samræmi við hagkvæmni í rekstri vinnslustöðvanna og þarfir markaðarins á hverjum tíma.

Þá er ástæða til að benda á þá hagkvæmni sem felst í beinum greiðslum til bænda, sjá nánar fskj. VI.

Mikilvægasti þáttur í stjórn framleiðslumála landbúnaðarins og sá æskilegasti er að færa skipulag framleiðslunnar í auknum mæli í hin einstöku byggðarlög.

Með þessum hætti væri vandinn færður nær bændunum sjálfum og um leið yrði lausn hans ein af félagslegum þáttum þeirra sjálfra.

Mikilvægasta aflið til að koma á umbótum í framleiðslumálum landbúnaðarins er leiðbeiningaþjónustan, sem í þessum efnun hefur lítils verið megnug. Ástæðan er m. a. sú, eins og í upphafi var getið um, að framleiðslustefnan í landbúnaði hefur verið óbreytt í tvo áratugi, þrátt fyrir breyttar aðstæður í mörgum byggðarlögum.

Um leið og ný stefna er mótuð, sem m. a. felst í ákveðnari stjórn á framleiðslunni, umbótum í sölu og vinnslu búvara, stórbættri fóðurframleiðslu og viðtækari heimildum um ráðstöfun þess fjármagns, sem einvörðungu hefur verið bundið við að verðbæta búvörur til útflutnings, fær leiðbeiningaþjónusta landbúnaðarins tækifæri til að beita áhrifum sínum til samræmis við þau viðhorf, er breytt stefna í mál-efnum landbúnaðarins felur í sér. Við slíkar kringumstæður má ætla að áhrif þeirra aðila, sem hafa með höndum leiðbeiningastörf í landbúnaði, verði mikilvægur þáttur í að koma á jafnvægi í framleiðslumálum landbúnaðarins.

#### Aðlögunartímabil.

Hér að framan hafa verið skýrðar leiðir til að ná jafnvægi í framleiðslumálum. Augljóst er að af þeirri þróun hlýtur að leiða að einhver skerðing verður á kjörum þeirra er að landbúnaði vinna. En eins og kemur fram á línuriti 2 eru framleiðslumál landbúnaðarins samantvinnuð verðlagsþróuninni í landinu. M. a. og raunar fyrst og fremst af þeirri ástæðu eru þau komin í þá sjálfheldu að útilokað er, að þau verði færð til betri vegar nema verðlagsþróunin hér innanlands taki allt aðra stefnu en nú er. Því þarf til að koma stuðningur við landbúnaðinn meðan á breytingunni stendur. Slíkt svigrúm til lagfæringar á rekstrargrundvelli búanna er forsenda þess, að landbúnaðurinn geti þróast með eðlilegum hætti.

Þess vegna er lagt til að á næstu árum verði sú framleiðsla, er ekki nýtur nú verðtryggingar, verðbætt að nokkru. Lögð er áhersla á að draga úr þeim verðbótum ár frá ári og að þetta fyrirkomulag vari aðeins í þrjú ár. Augljóst er að á meðan landbúnaðurinn verður að aðlaga framleiðslu sína þörfum markaðarins verður þungt fyrir fæti með framgang ýmissa þeirra framfaramála, sem landbúnaðinum eru lífsnauðsynleg. Þess vegna m. a. er áhersla lögð á, að sem fyrst verði komist út úr þeim erfiðleikum sem nú steðja að.

Annar mikilvægur þáttur af hendi hins opinbera er að breyta þeim heimildum, sem nú eru bundnar í lögum varðandi verðtryggingu búvöru til útflutnings. Viðtækari heimildir um notkun þess fjár til hagræðingar og niðurgreiðslna hér innanlands hefðu í för með sér jákvæð áhrif á mörgum sviðum í þjóðfélaginu. (Sjá fylgiskjal I.) Þá er mikilvægt að bændur fái greiðslur fyrir afurðir sínar sem fyrst í hendur, ekki síst á verðbólgutímum.

#### Áfram skal halda.

Ekki fer þó hjá því, að við þær aðstæður, sem nú eru í landbúnaði, hlýtur athygli manna að beinast að þeim sérstöku orsakabáttum, sem þar eru ráðandi. Þess vegna eru málefni framtíðarinnar ekki eins skýrð hér og ástæður væru til.

Einn mesti ágallinn við útflutningsmál landbúnaðarins hefur verið að núverandi fyrirkomulag hefur ekki haft hvetjandi áhrif varðandi öflun hagstæðra markaða, þar sem verðtryggingin tryggði að vissu marki fullt útborgunarverð og sölulaun eru greidd án tillits til söluverðs erlendis. Þegar svo er komið að framleiðendur búvara fá hluta þeirra greiddan á útflutningsverði verður að skapast mikill þrýstingur frá þeirra hendi um að þessum málum sé vel fyrir komið. Eðlilegt er því að ákvarðanir varðandi útflutninginn verði í ríkari mæli bundnar bændasamtökunum en nú er.

Sama máli gegnir um vinnslu landbúnaðarvara til útflutnings. Í fylgiskjali III kemur fram að íslenskar gærur hafa verið unnar erlendis og seldar á mörkuðum þar. Hér er um nýlenduviðskiptahætti að ræða sem engan veginn eru forsvaranlegir. Óflugt átak í sölu og vinnslu vissra landbúnaðarvara getur haft mikil áhrif til að auka á gildi landbúnaðarins.

Ákvörðun Búnaðarfélags Íslands um ræktun feldfjár er lofsvert framtak, sem áhugavert verður að fylgjast með.

Þar sem stofnlán til landbúnaðarins eru nú að fullu verðtryggð hlýtur að

koma til álita, hvort ekki er brostinn grundvöllur fyrir því gjaldi er greitt hefur verið til Stofnlánadeildar landbúnaðarins af búvörum til lánajöfnunar.

Eitt mikilvægasta verkefni í landbúnaði er stórbætt heyverkun. (Sjá nánar fylgiskjal II.) Ef greiðslum til þeirra verkefna samkvæmt jarðræktarlögum yrði flýtt mundu þær auðvelda bændum að koma á umbótum í þeim efnum. Fóðuriðnaður hefur þegar náð fótfestu. Mikil þörf er að efla þá starfsemi og um leið að tengja hana störfum bændanna eða félagasamtökum þeirra.

Nýjar búgreinar hafa mikið verið til umræðu. Varast ber að tengja umræðu um þær úrræðum um skjóta lausn framleiðsluvanda landbúnaðarins. Þrjú áratugir eru liðnir frá því að umræður hófust um innflutning á holdanautum. Nú fer hins vegar áhrifa þessarar baráttu fyrst að gæta, þar sem fyrstu kálfarnir af holdastofni fæðast hér á landi á þessu ári.

Nýbúgreinum þarf að finna ákveðið form í landbúnaðinum, bæði að því er varðar uppbyggingu, rekstur og sölu framleiðslunnar. Hér þurfa m. a. til að koma nýir þættir rannsóknar- og leiðbeiningastarfsemi. (Sjá fylgiskjal III).

Ræktun landsins og gróðurvernd eru nú sem fyrr veigamestu þættir í íslenskum landbúnaði. Landgræðsla ríkisins hefur fyrir löngu sannað fyrir alþjóð hversu mikilvægu hlutverki hún hefur að gegna. Ný landgræðsluáætlun er verðug viðurkenning til þeirra starfa.

Þau viðfangsefni, sem hér eru nefnd, eru dæmi um þá möguleika sem felast í störfum bændanna í þessu landi og mörg hver verða að mótast og vinnast af djörfum áformum. Það verður að varðveita það umhverfi í sveitum landsins sem á eftir að verða starfsvettvangur ókominna kynslóða. Þegar tímar liða mun það reynast traustur grundvöllur þeirra áforma þjóðarinnar að byggja Ísland allt.

#### Fylgiskjal I.

Pétur Sigurðsson  
mjólkurverkfræðingur.

Reykjavík, apríl 1980.

#### HVERNIG VERÐUR DREGIÐ ÚR ÞÖRF LANDBÚNAÐARINS FYRIR ÚTFLUTNINGSBÆTUR?

Stærsta vandamál landbúnaðarins í dag er offramleiðsla á sauðfjár- og nautgripaafurðum, sem kemur fram í því, að mikið vantar upp á að þær útflutningsbætur, sem landbúnaðurinn á rétt á skv. lögum, dugi til að bæta framleiðendum upp mjög lágt verð á útfluttum afurðum.

Ýmsar hugmyndir hafa verið ræddar til lausnar þessum vanda og margt verið reynt með fremur litlum árangri til þessa, en í stórum dráttum er um fjórar meginleiðir að ræða:

- a. Samdráttur í framleiðslu.
- b. Aukning innanlandssölu.
- c. Lækkun innanlandsverðs.
- d. Hækkun útflutningsverðs.

#### a. Samdráttur í framleiðslu.

Sú leið, sem aðallega er unnið að í dag með hinu svokallaða kvótakerfi, er að draga úr framleiðslu. Stefnt er að því, að með þessu kerfi ásamt fóðurbætisskatti verði hægt að stjórna framleiðslunni í framtíðinni mun meir en verið hefur. Því miður er augljóst að framkvæmd þessa kerfis, eins og það hefur verið byggt upp með lögum og í reglugerð, verður bæði flókin og vinnufrek. Mjög seinlegt er að fá allar þær upplýsingar, sem kerfið á að byggjast á, jafnframt því sem gert er ráð fyrir að tekið verði tillit til ýmissa aðstæðna, sem erfitt getur orðið að fá fullnægj-

andi upplýsingar um og síðan meta. Fyrir mikinn fjölda framleiðenda er kerfið nær óskiljanlegt.

Til þess að hafa stjórn á landbúnaðarframleiðslunni þarf að hafa kerfi sem er einfalt í framkvæmd, kerfi sem byggist á aðgengilegum upplýsingum, sem mest frá söluaðilum, en ekki frá skattskýrslum. Framleiðslustjórnun á nautgripaafurðum á að vera sem mest eða alveg aðskilin frá framleiðslustjórnun á sauðfjárafurðum. Fóðurbætisskatt á að leggja á allt kjarnfóður, en endurgreiða framleiðendum að hluta tvisvar á ári miðað við búfjáreign á ákveðnum árstímum.

Að sjálfsgöðu eru ýmsir ókostir því fylgjandi að dregið sé úr framleiðslu og má þá sérstaklega benda á eftirfarandi atriði:

1. Lélegri nýting fasteigna, véla og vinnuafis framleiðenda.
2. Lélegri nýting vinnslustöðva, þ. e. mjólkursamlaga og sláturhúsa.
3. Samdráttur í sauðfjárrækt dregur úr framleiðslu hráefna fyrir ullar- og skinnaiðnaðinn.
4. Samdráttur í mjólkurframleiðslu getur, vegna mikillar árstíðasveiflu í framleiðslunni, orsakað skort á neyslumjólk yfir vetrartímann og þá sérstaklega á svæði Mjólkursamsölnunar í Reykjavík og á Ísafirði.
5. Verulegur samdráttur hefur slæm áhrif á jafnvægi í byggð landsins.

#### b. Aukning innanlandssölu.

Óhægt er að fullyrða að heildarsala á sauðfjár- og nautgripaafurðum hér á landi sé mikil miðað við flest önnur lönd. Nautgripakjötssala er ef til vill ekki mikil, en þess í stað er sala á kindakjöti og mjólkurafurðum mjög mikil. Svigrúm til aukningar á innanlandsneyslu er því ekki mikið og má teljast gott ef tekst að halda þeirri heildarneyslu á íbúa sem verið hefur undanfarið ár.

Spurningin er því heldur, hvort hægt sé að finna markaði innanlands fyrir sauðfjár- og nautgripaafurðir, sem fullnægt er í dag með innflutningi eða með hráefnum frá óskyldum greinum. Hafa verður í huga að verð afurðanna má í slíkum tilvikum vera töluvert undir skráðu innanlandsverði. Öll slík sala á verði umfram útflutningsverð er beinn hagnaður fyrir framleiðendur eða, þegar útflutningsbætur eru nægar, fyrir ríkissjóð.

Áhugi framleiðenda til að nýta þennan möguleika hefur til skamms tíma verið takmarkaður vegna þess að útflutningsuppbótakerfið hefur ekki boðið upp á, að sala á innanlandsmarkaði sé bætt upp með fé af útflutningsbótum. Halla af slíkri sölu hafa framleiðendur því orðið að bera sjálfir.

Sem dæmi má nefna að á undanförunum 2—3 árum hefur töluvert verið selt af undanrennumjöli til fóðurframleiðenda hér á landi á verði sem hefur verið verulega undir skráðu innanlandsverði, en samt verulega yfir útflutningsverði. Mjólkurframleiðendur hafa tekið á sig þennan skaða, einfaldlega vegna þess að þar sem vöntun hefur verið á útflutningsbótum, þá hefði skaði þeirra orðið enn þá meiri ef mjólið hefði verið flutt út.

Vafalaust eru fleiri aðilar, sem gætu nýtt sér afurðir frá landbúnaðinum og greitt fyrir herra verð en útflutningsverð, án þess að það hefði áhrif á hefðbundna sölu landbúnaðarafurða innanlands.

Hvað mundu smjörlíkisframleiðendur vilja greiða fyrir smjörið, sem hráefni í sína framleiðslu?

Hvað mundu framleiðendur á ýmiss konar dýramat (minka-, refa-, fiska-, hunda- og kattafóðri) vilja greiða fyrir t. d. ærkjötið eða annað lélegt kjöt sem flutt hefur verið út — eða undanrennumjöli?

Hvað mundu bakarar vilja greiða fyrir undanrennumjölið?

Hvað mundu mjólkurframleiðendur sjálfir vilja borga fyrir mjólk til kálfaeldis o. s. frv.?

Hafa verður í huga að þessar vörur hafa undanfarið verið fluttar út fyrir verð sem hefur verið á milli 10 og 40% af innanlandsverðinu. Til þess að nýta þennan

möguleika til aukningar á sölu innanlands þarf að breyta þeim reglum sem gilda um notkun útflutningsbóta.

### c. Lækkun innanlandsverðs.

Lækkun innanlandsverðs á landbúnaðarafurðum á annan máta en með beinum niðurgreiðslum á afurðirnar mundi að sjálfsögðu minnka þörf fyrir útflutningsbætur. En hvernig er hægt að lækka innanlandsverð án þess að það skaði framleiðendur? Innlent heildsöluverð á sauðfjár- og nautgripaafurðum er nær eingöngu samsett úr grundvallarverði til framleiðenda og kostnaði vinnslustöðva.

Lækkun vinnslukostnaðar er hægt að ná fram með ýmsu móti, en í flestum tilvikum þarf að koma til fyrirgreiðsla frá ríkinu, t. d. í formi lækkunar ýmissa opinberra gjalda á fjárfestingar- og rekstrarvörum eða á annan máta.

Það er þó ástæða til að nefna sérstaklega tvennt sem orsakað hefur háan vinnslukostnað hér á landi, en það er léleg nýting mjólkursamlaga og sláturhúsa.

Sauðfjárslátrun tekur hér yfirleitt 6—8 vikur á haustin, en utan þess tíma er nýting sláturhúsanna yfirleitt mjög lítil eða engin. Afar mikilvægt er fyrir rekstur þessara húsa að fundin séu verkefni fyrir þau allt árið.

Árstíðasveifla í mjólkurframleiðslunni er gífurlega mikil hér á landi, en um tvöfalt meira magn af mjólk er framið á dag í júlí en í janúar. Þessi mismunur er mun meiri en hjá okkar nágrannaþjóðum.

Afkastagetu mjólkursamlaganna verður að miða við hámarksframleiðslu sumarsins og nýtist því illa yfir vetrartímamann. Með minnkun árstíðasveiflunnar á að vera hægt að ná fram verulegum sparnaði í mjólkursamlögunum, ekki bara í fjárfestingu, heldur einnig í vinnuafli.

Einnig má benda á að meiri samvinna milli vinnsluaðilanna og betra heildarskipulag á að geta lækkað vinnslukostnað.

Lækkun grundvallarverðs er einnig hægt að ná fram með ýmsu móti, en eins og með vinnslukostnaðinn þarf í flestum tilvikum að koma til fyrirgreiðsla frá ríkinu. Rætt hefur verið um niðurgreiðslu á ýmsum kostnaðarliðum grundvallarbúsins, eins og t. d. áburði, kjarnfóðri og fjármagnskostnaði. Slikum niðurgreiðslum væri jafnframt hægt að haga á ýmsan máta þannig að þær kæmu þeim bændum helst til góða sem frekast þurfa á þeim að halda.

Einn aðalkostur við slíkt fyrirkomulag fyrir framleiðendur er að þeir fá miklu fyrr hluta afurðaverðsins óbeint greiddan með lægri rekstrarkostnaði. Sem dæmi má nefna að áburður, sem keyptur er vorið 1980, skilar sér í mjólkurverði til framleiðenda veturinn 1980/1981 og það síðasta í eftirstöðvum mjólkurverðs vorið 1982. Í sauðfjárafurðunum skilar þessi áburður sér að litlum hluta í afurðaverðinu haustið 1980, en aðallega haustið 1981 og það síðasta við uppgjör í ágúst/sept. 1982. Með niðurgreiðslu á áburði fengju þeir hluta afurðaverðsins strax. Þetta er því verulegt hagsmunamál fyrir framleiðendur, svo lengi sem verðbólgan er jafnmikil og hún hefur verið undanfarið og svo lengi sem útborgun söluaðila er aðeins 70—80% af grundvallarverði.

Einnig má benda á að niðurgreiðsla á áburði ætti að vera mikill styrkur fyrir rekstur Áburðarverksmiðjunnar, ef niðurgreiðslurnar fengjust greiddar á réttum tíma. Verksmiðjan á stöðugt í miklum rekstrarfjárerfiðleikum, í fyrsta lagi vegna mikillar birgðasöfnunar mikinn hluta ársins og í öðru lagi vegna lítillar útborgunargetu áburðarkaupenda.

Niðurgreiðsla á fjármagnskostnaði kæmi framleiðendum og þá sérstaklega frumbýlingum mjög vel. Lánakjör til bænda eins og annarra hafa breyst mikið á undanförunum árum og eru verulega óhagstæðari í dag en þau voru fyrir 10—15 árum, eins og fram kemur í töflu I.

Tafla I. Almenn lánakjör Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

	Vextir %	Verðtrygging %	Lánstími ár
1962 .....	6.0—6.5	0.0	25
1970 .....	6.0—6.5	0.0	20—25
1976 .....	12.0	25.0	20
1980 .....	1.0—5.0	100.0	20

Niðurgreiðsla einstakra kostnaðarliða kemur framleiðendum misjafnlega vel, eftir því hve stór hlutfallslega viðkomandi liður er í þeirra rekstri. Niðurgreiðsla áburðar kæmi t. d. sauðfjárframleiðendum betur en mjólkurframleiðendum þar sem áburðarnotkun er talin 40% meiri á ærgildi sauðfjár en á ærgildi nautgripa. Aftur á móti kæmi niðurgreiðsla fóðurbætis sér betur fyrir mjólkurframleiðendum. Niðurgreiðsla á fjármagnskostnaði kæmi sér vel fyrir þá sem standa í miklum framkvæmdum og þá sem skulda mikið, en aftur á móti verr fyrir þá sem skulda lítið o. s. frv.

Með því að greiða niður verð á aðföngum er í reynd verið að greiða niður verð allra landbúnaðarafurða. Niðurgreiðslan nær til heimanotaðra afurða, afurða, sem seldar eru beint frá framleiðendum til neytenda, og afurða til útflutnings. Ef lítið er á kostnað ríkissjóðs við niðurgreiðslu á verðlagi innanlands er því augljóst að niðurgreiðsla aðfanga er mun dýrari á hvert vísitölustig framfærslukostnaðar en beinar niðurgreiðslur á ákveðnar afurðir.

Annað, sem einnig verður að hafa í huga við niðurgreiðslu aðfanga, er að hún má ekki verða til þess að framleiðslan aukist. Niurgreiðsla áburðar, kjarnfóðurs eða fjármagnskostnaðar getur auðveldlega orsakað framleiðsluaukningu ef ekki er fylgt mjög ákveðnum reglum.

Með breytingu á lögum um verðlagningu landbúnaðarafurða á þann veg, að ríkið verði beinn samningsaðili við framleiðendur í stað fulltrúa neytenda í sexmannanefnd, mundi skapast vettvangur þar sem hægt væri að hafa áhrif á innanlandsverð landbúnaðarafurða með ýmsum hliðarráðstöfunum. Vafalaust er hægt að koma til móts við launakröfur framleiðenda á annan máta en að hækka afurðaverðið. Sexmannanefnd, sem nú ákvarðar verð landbúnaðarafurða, hefur ekki heimild til að semja um annað en verðið.

#### d. Hækkun útflutningsverðs.

Einfaldasta leiðin til að hækka útflutningsverðið í krónutölu er að lækka gengið. Gengissig hefur verið mikið á undanförunum árum, en það nægir lítið þegar allur framleiðslukostnaður hefur hækkað mun meira og þar með innanlandsverð afurðanna. Mjög verulegur hluti þess vanda, sem landbúnaðurinn stendur nú frammi fyrir, á einmitt rætur sínar að rekja til þessarar þróunar á undanförunum 5 árum, en að sjálfsögðu einnig til aukinnar framleiðslu.

Markaðsnefnd landbúnaðarins, sem starfað hefur um nokkurra ára skeið, hefur einmitt haft það verkefni að finna leiðir til að fá herra verð fyrir útfluttar landbúnaðarafurðir. Því miður hefur starf hennar borið fremur lítinn árangur til þessa, enda aðstæður mjög erfiðar. Veruleg umframframleiðsla er í hinum vestræna heimi á þeim landbúnaðarafurðum, sem hér er offramleiðsla á, auk þess sem mikið framboð er á þeim frá löndum eins og Ástralíu og Nýja-Sjálandi, þar sem allur framleiðslukostnaður er miklu lægri en hér. Útflutningur landbúnaðarafurða nýtur nær alls staðar verulegs stuðnings af opinberu fé á einn eða annan máta, enda útflutningsverð lágt vegna mikillar samkeppni um þá innflutningsmarkaði sem finnast.

Á undanförunum árum hafa verulegar vonir verið bundnar við að takast mætti að skapa öruggan markað fyrir óðalsost í Bandaríkjunum, en fyrir hann hefur fengist töluvert herra verð en fyrir aðrar mjólkurafurðir. Vegna fremur slægrar frammi-

stöðu íslenskra stjórnvalda og útflytjenda mjólkurafurða virðist nú sem þessi markaður sé glataður, að minnsta kosti í bili.

Verulegra hækkana á útflutningsverði á kindakjöti og mjólkurafurðum er því varla að vænta í næstu framtíð, en ef horft er lengra fram í tímann er ótrúlegt annað en verðlag á matvælum almennt í heiminum eigi eftir að hækka mikið í þegar sveltandi heimi.

## Fylgiskjal II.

**Gunnar Sigurðsson sérfræðingur.**

**Hve mikill hluti landbúnaðarframleiðslunnar er framleiddur á innfluttu fóðri?**

Á árinu 1979 voru alls flutt inn um 85 þúsund tonn af fóðurbæti. Við þetta bætist innlendur fóðurbæti, sem er aðallega graskögglar og fiskimjöl. Árið 1979 var mjög slakt sprettusumar hvað heildina varðar. Þá voru framleidd 9671 tonn af graskögglum, þó svo að í venjulegu sumri eigi að vera hægt að framleiða allt að 12 þús. tonnum við núverandi aðstæður. Innfluttur fóðurbæti og graskögglar gera því samtals um 95 þúsund tonn árið 1979.

Við samanburð á heimildum um heyafla og fóðurbætisinnflutning kemur í ljós að á árabílinu 1950—1960 er innfluttur fóðurbæti innan við 10% af samanlagðri orku heya og innflutts fóðurbætis (tafla V4). Á árabílinu 1960—1970 virðist hlutdeild innflutningsins vaxa í um eða yfir 20% og var á árinu 1978 um 25%.

Við mat á hlutdeild nautgripa- og sauðfjárbúskapar í heildarfóðurbætisnotkuninni er fróðlegt að skoða niðurstöður búreikninga. Þar er til yfirlit um heildarfóðurbætisnotkun annars vegar og framleiðslumagn mjólkur á kúabúum og kindakjöts á sauðfjárbúum hins vegar. Þetta samhengi er sýnt fyrir 3 ár í töflu 1.

**Tafla 1. Afurðir fyrir hvert kg af fóðurbæti á kúabúi (lítrar mjólkur) og sauðfjárbúi (kg kindakjöts). (Ársskýrslur Búreikningastofu '76, '77 og '78.)**

Ár	1976	1977	1978	Meðaltal
Kúabú .....	2.69	2.66	2.83	2.73
Sauðfjárbú .....	1.36	1.43	1.42	1.40

Eins og fram kemur í töflu 1, þá framleiddu þeir búreikningabændur, sem kúabúskap stunda, að meðaltali 2.73 lítra af mjólk fyrir hvert kg af aðkeyptum fóðurbæti. Á sama hátt framleiddu þeir sauðfjárbændur, sem skýrslurnar ná til, um það bil 1.40 kg af kindakjöti fyrir hvert kg af fóðurbæti sem keyptur var.


Ef þessi hlutföll eru notuð til að áætla fóðurbætisnotkun til viðkomandi framleiðslu á landinu öllu, má reikna með þeim tölum, sem fram koma í töflu 2. Árið 1979 voru framleidd 15170 tonn af kindakjöti, en af mjólk er reiknað með að framleiddir verði um 126 milljónir lítra á því framleiðsluári, sem nú er að ljúka.

**Tafla 2. Áætluð ársnotkun á fóðurbæti til framleiðslu á mjólk og kindakjöti.**

	Framleiðsla	Stuðull	Fóðurbætisnotkun (tonn)
Kýr .....	126 000 000 l	2.73	46 154
Sauðfé .....	15 170 000 kg	1.40	10 800

Alls 56 954

Samkvæmt þessu eru notuð um það bil 60 þúsund tonn af fóðurbæti til framleiðslu á mjólk og kindakjöti. Má því ætla að aðrar búgreinar noti afganginn eða um 35 þús. tonn.



Mynd 1. Áhrif heygæða á fóðurbætisþörf til mjólkurframleiðslu.

Þó svo að þarna sé komin nokkuð sæmleg vísbending um fóðurbætisnotkun kúabænda, er erfitt að segja til um hve mikill hluti þessa magns er notaður við sjálfa mjólkurframleiðsluna og hve stór hluti er notaður sem fóður handa geldpeningi. Við venjulegar aðstæður má reikna með að hvert kílógramm af fóðurbæti skili um það bil 2 kílógrömmum af mjólk, þó svo að fræðilega eigi að fást 2.5 kg af mjólk. Erfitt er sem sagt að slá neinu föstu, en ef 2 kg eru lögð til grundvallar, þá eru rúmlega 90 millj. lítra framleiddar á fóðurbæti eða rúmlega 70% af mjólkurframleiðslunni.

Í þeirri mynd, sem hér hefur verið dregin upp, hefur ekki verið tekið tillit til þess fóðurs, sem þarf til viðhalds og endurnýjunar mjólkurkúastofninum. Við athugun á heildarfóðurafla búreikningabúanna 1976—1978 kemur í ljós að um það bil 30% af fóðurorkunni er aðkeyptur fóðurbæti, þ. e. kjarnfóður og graskögglar (sbr. töflu V3). Hvað sauðfjárframleiðslu varðar þýðir þessi tala í töflu 2 að notuð séu á milli 12 og 14 kg af fóðurbæti á hverja vetrarfóðraða kind í landinu.

Við athugun á niðurstöðum búreikninga kemur í ljós að á sauðfjárbúum er aðkeypt fóður um 15% af vetrarfóðrinu og er það nokkuð stöðugt síðan 1970.

Hve mikið má framleiða af innlendu fóðri eingöngu? Þessi spurning er samsett. Fyrsti og stærsti hluti spurningarinnar er hve langt er hægt að ná í mjólkurframleiðslu með heyfóðrun eingöngu. Mynd 1 sýnir mjaltaferil þriggja kúa. Nythæsta kýrin er með 5300 kg ársnyt, en nytlægsta kýrin er í 3500 kg ársnyt. Neðst á myndinni kemur fram sá breytileiki, sem mældur hefur verið á nothæfni heyja til mjólkurframleiðslu. Ef hægt væri að hækka úr neðri línunni upp í þá efri þýddi það að fyrir hverja kú í nytarlægsta flokknum (mynd 1) yrði aukning í verðmætamyndun vegna bættrar nýtingar, sem þegar er búið að gera í kúabúskap, milli 4 og 5 hundruð þúsund. Bein tekjuaukning yrði rúm 100 þús. Fyrir vísitölubúið þýddi þetta að afurðir fyrir um það bil níu milljónir króna yrðu framleiddar fyrir þá fjárfestingu sem þegar hefði verið gerð. Nythæstu kúna í mynd 1 er einfaldlega ekki



hægt að fódra með svo slöku heyi sem neðri lína sýnir. Seinni hluti þessarar spurningar, þ. e. hve mikið af mjólk er hægt að framleiða af innlendu fódri, snýr svo að fódurbæti. Í tilraunum með mjólkurkúr hefur verið sýnt, að ná megi a. m. k. 12 fódureininga dagfóðrun með heyi og grasköggjum. Þá er búið að fullnægja fódurbörf verulegs hluta af kúastofninum, þ. e. svo fremi sem nægilegt framboð er af grasköggjum. Ef ársframleiðslunni af mjólk er skipt niður á 35 000 mjólkurkúr, þá koma um 3600 lítrar í hlut hvern. Af framansögðu má ljóst vera að þessa mjólk má alla framleiða með innlendu fódri. Meginverkefni í landbúnaði hlýtur því að vera að færa neðri línuna upp í mynd 1, þ. e. að bæta heygæðin. Nú er unnið að þessu með áróðri fyrir aukinni súgurrkun, en þar þarf meira til. Öflug súgurrkun er ein af forsendunum, en ræktunarpátturinn er engu síður mikilvægur. Flóra þeirra túna, sem bændur nota í dag, er víða þannig að þar verður ekki framleitt afurðahay. Þar þarf stórátak í endurræktun.

Eitt er víst, að meðalkúna íslensku er hægt að fódra á innlendu fódri að langmestum hluta. Miklar afurðakúr verða eftir sem áður að fá kornfóður meðan þær eru í hæstri nyt. Spurningarnar, sem skoða þarf í þessu sambandi, eru því bætt fóduröflunaraðstaða hvers bónda og aukin graskögglaframleiðsla. Hvað sauðfé áhrærir er engin spurning um að það er hægt að fódra á innlendu fódri eingöngu og sennilega hægt að komast af með fjórða hluta af því fódurbætismagni, sem tilgreint er í töflu 2. Þar er bætt heyverkun einnig þýðingarmikil forsenda.

TAFLA V1.

Þróun mjólkurframleiðslu og íbúafjölda og samhengi þeirrar þróunar.

Ár	Innv. mjólk (þús. lítrar)	Íbúafjöldi	Lítrar/íbúa
1960	97 672	175 680	556
1965	106 515	193 758	550
1970	100 568	204 578	492
1971	105 261	206 818	509
1972	109 751	210 352	522
1973	112 537	213 070	528
1974	115 964	216 172	536
1975	111 525	218 682	510
1976	112 008	220 918	507
1977	118 927	222 055	536
1978	120 172	223 917	537
1979	126 000	226 339	557

TAFLA V2

Þróun mjólkurframleiðslu, verðsamhengi mjólkur og fódurbætis, heyskapur.

Ár	Verðhlutfall mjólk/fódurb.	Mjólk lítrar/íbúa	heyaflí (m <sup>3</sup> )
1960	1.07	556	2 850 000
1965	1.23	550	3 037 359
1970	1.56	492	2 293 086
1971	1.38	509	3 217 877
1972	1.90	522	3 730 511
1973	1.53	528	3 564 979
1974	1.50	536	3 429 387
1975	1.46	510	3 481 740
1976	1.60	510	3 740 107
1977	2.20	536	3 897 271
1978	1.99	537	3 630 261
1979	2.20	557	

**TAFLA V3.**  
**Fóðuraflí búreikningabúa og hluti aðkeypts fóðurs.**

Kúabú: Ár	Hey	Fóðureiningar:			Fóðurb. %
		Fóðurb.	Alls		
1970	48 210	10 979	59 189	18.5%	
1971	53 580	15 865	69 445	22.8%	
1972	54 150	20 000	74 150	27.0%	
1973	57 720	20 525	78 255	26.0%	
1974	60 753	21 277	82 030	26.0%	
1975	58 830	20 395	79 225	25.7%	
1976	69 260	28 260	97 520	29.0%	
1977	76 020	31 466	107 486	29.3%	
1978	74 360	31 970	106 330	30.0%	
Meðaltal				26.0%	
<b>Sauðfjárbú:</b>					
1970	34 780	6 517	41 298	15.8%	
1971	40 510	7 554	48 064	15.7%	
1972	46 650	8 521	55 171	18.3%	
1973	51 630	9 537	61 161	15.6%	
1974	52 924	8 486	61 410	13.8%	
1975	48 880	8 674	57 554	15.0%	
1976	57 590	10 158	67 748	15.0%	
1977	61 780	10 748	72 528	14.8%	
1978	57 240	9 749	66 989	14.6%	
Meðaltal				15.4%	

**TAFLA V4.**  
**Fóðurbætisinnflutningur og heyskapur 1950—1979**  
**(Hagtiðindi 1951—1980).**

Ártal	Heyfengur (m <sup>3</sup> )	FE Þús.	Fóðurbætis- notk. þús. FE	Innflutu- ingur í %
1950	1 762 620 <sup>1)</sup>	103 300	9 182	8
1955	2 099 230 <sup>1)</sup>	125 000	21 814	15
1960	2 850 000 <sup>1)</sup>	180 400	18 690	9
1965	3 037 359	168 906	35 007	17
1970	2 293 086	140 000	70 910	30
1971	3 217 877	190 000	59 903	24
1972	3 730 511	220 000	58 134	21
1973	3 564 979	215 000	65 309	23
1974	3 429 387	205 000	58 134	22
1975	3 481 740	210 000	55 367	21
1976	3 740 107	220 000	67 046	23
1977	3 897 271	234 000	71 194	23
1978	3 630 261	218 000	73 460	25
1979			84 918	

1) Rúmmetrar umreiknast úr hestburðum 1.3 hb/m<sup>3</sup>.

### Fylgiskjal III.

Sigurjón B. Jónsson ráðunautur.

#### **Þáttur nýbúgreina í framtíðinni.**

Ekki getur hjá því farið, að eigi íslenskur landbúnaður að halda áfram að gegna sínu hlutverki og halda uppi matvælaframleiðslunni í landinu, atvinnu- og byggðajafnvægi í dreifbýlinu ásamt gjaldeyrisöflun, verður hann að laga sig að breyttum aðstæðum og fara inn á nýjar brautir búgreina.

Þessar nýju búgreinar þurfa að falla vel að þeim sem fyrir eru og geta komið í staðinn fyrir þær í sumum tilvikum ásamt því að taka við því vinnuafli sem er og kemur úr dreifbýlinu, bæta og halda uppi byggðajafnvægi, sjá iðngreinum fyrir hráefni, eftir því sem hægt er, og auka hlutdeild bændastéttarinnar í gjaldeyrisöflun þjóðarinnar.

#### **Loðdýrarækt.**

Helstu tegundir loðdýra sem má rækta hér á landi:

Kjötætur:	Minkar
	Refir
	Þvottabirnir
	Ildar
Grasætur:	Chinchillur
(jurtaætur):	Ullar- og kjötkanínur
	Buslur (vatnaröttur)

Nokkrar greinar loðdýraræktar hafa sýnt sig að vera heppilegar sem auka- eða aðalbúgreinar hjá bændum í nágrenni löndum okkar. Einkum eru það kjötæturnar minkar, refir, ildar og þvottabirnir, sem henta vel í því sambandi, og gras- eða jurtaæturnar chinchillur, ullar- og kjötkanínur og buslur (vatnaröttur).

Afurðirnar, skinnin, eru seldar á opinberum upphöfum erlendis þar sem verð þeirra ræðst af framboði og eftirspurn að undanskráðu lágmarksverði, en framleiðsla ullarkanínunnar, sem er angoruullin, er seld hjá iðnfyrirtækjum í V-Evrópu á föstu verði. Afsetning afurðanna, skinna og angóruullar, kemur okkur vel þar sem við þurfum ekki að búa eingöngu við takmarkaðan innanlandsmarkað.

Loðskinn eru heimsins stöðugasta tiskuværa sem varað hefur síðan maðurinn fyrst fór að klæðast fötum (skinnfatnaði). Eftirspurn eykst stöðugt eftir loðkápum, þar sem nú hafa fleiri og fleiri efni á að fá sér þessar flikur.

Skinnum af villtum dýrum fer jafnt og þétt fækkandi á skinnamörkuðum og veldur því fækkun villidýra í heiminum og friðun dýra- og landssvæða, þar sem veiðar hafa áður verið stundaðar.

Framboð skinna af ræktuðum loðdýrum hefur litið breyst síðustu árin og hefur eftirspurnin verið lítið eitt meiri en framleiðslan eða sem svarar einni milljón skinna. Það, sem veldur því að framboðið fylgir ekki eftirspurninni, er, að hráefni í fóður fyrir ræktuð loðdýr er hvarvetna á þrotum í V-Evrópu og N-Ameríku. Aðstaða okkar Íslendinga er því mjög góð nú til að fara af stað með loðdýrarækt. Hráefni til fóðurgerðar frá frysti- og sláturhúsum landsins höfum við nóg af sem dugar til framleiðslu á 3—5 millj. loðskinna. Lega landsins hjálpar til og tryggir framleiðslu úrvalsskinna með sínu kalda og raka loftslagi, sem er gagnstætt við hinn hefðbundna búskap.

Loðdýraræktin fellur því vel að kröfum og þörfum okkar fyrir nýjar búgreinar og iðnað, hvað varðar atvinnu, byggðajafnvægi, markaði og gjaldeyrisöflun og veðurfar landsins.

Til að gefa einhverja hugmynd um stofnkostnað og rekstur loðdýra samanborið við hefðbundinn búskap er sett hér upp gróft dæmi með refa-, minka- og sauðfjár- búskap sem grundvallast á afurðaeiningum.

Dæmi:

	1 refalæða	3 minkalæður	5 ær
Hús .....	kr. 500 000	kr. 400 000	kr. 700 000
Bústofn .....	— 80 000	— 90 000	— 150 000
Fóður .....	— 40 000	— 45 000	— 84 000
Afurðir .....	— 168 000	— 168 000	— 168 000

#### Feldfjárrækt.

Ræktun feldfjár af íslenska landkyninu, þar sem pelsgæðin, hreinleiki og lokk- myndun, eru meginmarkmið, en frjósemi og kjötafurðir koma þar á eftir. Byrjað væri á ræktun á gráum feldgærum, en síðar meir athugað með markað fyrir svartar og dökkmórauðar gætur.

Unglambaskinn til feldframleiðslu væru nýtt eftir því sem hægt væri og bændum kennt að flá og verka skinnin eins og gert er með karakúllömb, til að auka verð- mæti þeirra. Einnig væri gerð á því athugun í tilraunaskyni, hvort ekki mætti með ræktun og notkun hormóna reka hér sauðfjár- búskap með marglembur, þar sem ung- lambaskinnin væru meginframleiðslan.

Feldfjárrækt með íslenskt, grátt sauðfé hófst hér á árunum milli 1950 og 1960. Segja má að vel hafi gengið að fá fram og fjölga gráa fjárstofninum í landinu, en erfiðara gekk og lítið reynt að finna gæruframleiðslunni tilskilinn markað. Fór þá svo, að stór hluti þessara feldgæra var seldur úr landi sem óunnar gætur, sem keyptar voru af skinnakaupmönnum, sem klipptu þær, sútuðu og gerðu úr þeim verðmikil pelsskinn. Síðar, þegar uppboðsfyrirtækið Hudsons Bay í London fór að spyrjast fyrir um hvort íslensku sítunarverksmiðjurnar vildu ekki sjálfar prófa að selja lambaskinnin hjá uppboðshúsinu, í stað þess að láta önnur lönd vera þar milliliði, vaknaði áhugi fyrir feldfjárrækt að nýju. Bentu skinnasérfræðingar Hudsons Bay, eftir að hafa kynnt sér íslensku lambaskinnin, á að þau væru létt og bláhreini miðað við sænsku Cotlands-skinnin, en nokkuð vantaði á að lokkmyndun þeirra væri jafngóð, enda hefðu íslensku lömbin ekki verið ræktuð með tilliti til þess. Töldu þeir fyllilega tímabært fyrir íslenskan landbúnað að próa hér pelsfjár- framleiðslu, eins og Svíar gera, og nýta jafnframt öll unglambaskinn, sem til falla, í sama tilgangi.

Hjá þeim sauðfjárnæmdum, þar sem feldgætur væru meginframleiðslumarkmiðið, mundi það draga nokkuð úr dilkakjötsframleiðslunni og vandamálum hennar, og allverulega ef unglambaskinn gætu orðið aðalframleiðsla.

#### Fuglakjötsframleiðsla með íslensku fóðri til innanlandsneyslu.

Til að svara kröfum og þörfum neytenda hvað varðar fuglakjöt kemur aligæsa- og andakjöt helst til greina. Þessar fuglategundir nýta beit á ræktað land, græn fóður og grasköggla fugla best, auk þess sem kjöt þeirra er með því besta sem völ er á.

Þær rannsóknir og reynsla, sem til eru, benda eindregið til þess, að aligæsa- og andarækt séu þær fuglabúgreinar, sem henti best við íslenskar aðstæður til kjötfram- leiðslu.

Ef rétt er staðið að málunum geta nýbúgreinar tekið við af hefðbundnum bú- skap að hluta til. Þáttur nýju búgreinanna þarf að þróast á 6—7 árum upp í það að vera 25—100% af tekjum 600—800 bænda, svo markverður árangur náist.

Með stjórnun á fjármagni til uppbyggingar á þessum búgreinum, fullkominni leiðbeiningaþjónustu og nýjum skipulögðum tilraunum fyrir þennan búskap má gera hann aðgengilegan og arðbæran. Þær nýbúgreinar, sem sýna sig að geta staðið

fyrir utan styrkjakerfi landbúnaðarins, þarf að efla umfram aðrar með því að veita þeim hagstæð stofnlán, sem auðvelda stofnun þeirra.

Veita þarf þeim búvöruframleiðendum, sem selja afurðir sínar á erlendan markað, hliðstæð rekstrarlán og sjávarútvegurinn nýtur, ásamt því að þeir hafi aðgang að sérstökum afurðalánnum til stutts tíma, verði verðfall á mörkuðum erlendis.

Landbúnaðarafurðir fyrir innanlandsmarkað, eins og aligæsa- og andakjöt o. fl., þarf að vernda fyrir samkeppni og annarri framleiðslu, sem framleidd er að mestu eða öllu leyti á innfluttu niðurgreiddu fóðri, svo til hagsbóta verði landbúnaði og þjóðinni allri.

#### Fylgiskjal IV.

HAGSTOFA ÍSLANDS

6/4 1980.

**Nýting 10% verðábyrgðar útflutnings búvöru hefur verið sem hér segir frá og með verðlagsárinu 1963/64.**

Verðlags- árið	Hámark verðábyrgðar millj. kr.	Nýting millj. kr.	Nýting verðábyrgðar %
1963/64	160	160	100
1964/65	185	179	96.2
1965/66	218	218	100
1966/67	229	229	100
1967/68	256	256	100
1968/69	301	301	100
1969/70	332	332	100
1970/71	407	404	99.3
1971/72	483	379	78.5
1972/73	627	438	69.9
1973/74	927	927	100
1974/75	1 327	1 140	85.9
1975/76	1 800	1 650	92.1
1976/77	2 301	2 652	15.3% umfram
1977/78	3 597	3 597 <sup>1)</sup>	
1978/79	5 622	5 622 <sup>2)</sup>	

1) Auk þess viðbótaverðábyrgð samkvæmt stjórnarsáttmála síðast í ágúst 1978 og tilheyrandi laga-ákvæðum: 1300 millj. kr., þar af 1000 millj. kr. til greiðslu 1978 og 300 millj. kr. til greiðslu 1979. Umframgreiðsla vegna verðlagsárs 1977/78 nam þannig 36.1%.

2) Auk þess 3000 millj. kr. teknar að láni samkvæmt ákvörðun Alþingis. Umframgreiðsla vegna verðlagsárs 1978/79 nemur þannig 53.4%. — Ekki liggur endanlega fyrir, hve mikið muni þurfa til viðbótar til greiðslu fullrar verðábyrgðar vegna verðlagsárs 1978/79, en talið er, að það séu 3100—3200 millj. kr. (umfram 5622 millj. kr. samkvæmt ofan greindu).

## Fylgiskjal V.

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN

30/4 1980

**Landbúnaðarframleiðslan að meðtöldum bústofnsbreytingum. Lauslegar áætlanir um verð- og magnvísitölur 1963/64—1978/79. Verðlagsárið 1969/70 = 100.**

Verðlagsárið	Verðvísitala	Magnvísitala	Til samanburðar Vísitala hámarks- verðábyrgðar skv. Hagstofu Íslands
1963/64 .....	50.0	95.5	48.2
1964/65 .....	53.0	105.6	56.0
1965/66 .....	60.5	106.7	65.7
1966/67 .....	66.1	103.0	69.0
1967/68 .....	69.9	105.3	77.1
1968/69 .....	83.5	102.7	90.7
1969/70 .....	100.0	100.0	100.0
1970/71 .....	118.0	102.4	122.6
1971/72 .....	137.6	111.2	145.5
1972/73 .....	170.6	115.7	188.9
1973/74 .....	229.6	120.5	279.2
1974/75 .....	323.7	121.9	399.7
1975/76 .....	439.8	120.2	542.2
1976/77 .....	579.4	124.5	693.1
1977/78 .....	863.1	129.0	1 083.4
1978/79 .....	1 251.6	129.5	1 693.4

### Skýringar:

Að hluta til er hér byggt á lauslegum áætlunum Þjóðhagsstofnunar um tilfærslu framleiðslunnar frá almanaksári yfir á verðlagsár.

Af tölunum hér að ofan má ráða, að síðustu tvö verðlagsár, þ.e. 1977/78 og 1978/79, hefur landbúnaðarframleiðslan orðið um 30% meiri en verðlagsárið 1969/70 og frá verðlagsárinu 1971/72 fer framleiðslan að aukast að marki.

## Fylgiskjal VI.

### Stéttarsamband bænda.

Í dæmi I er reiknað með að 25% framleiðslukostnaðar séu greidd hverjum bónda upp að 500 ærgilda búí, en eftir það jöfn greiðsla til hvers bónda, 3 milljónir kr. til hvers.

Dæmi I 25% framleiðslukostnaðar.

Tala bænda	Bústærð	Greiðsla á ærgildisafurðir	Kr.	Kr.	
232	×	80	×	6 000	111 360 000
731	×	150	×	6 000	657 900 000
897	×	250	×	6 000	1 345 500 000
855	×	350	×	6 000	1 795 500 000
668	×	450	×	6 000	1 803 600 000
1 089	×	3 000 000			5 713 860 000
					<u>3 267 000 000</u>
					<u>Samtals kr. 8 980 860 000</u>

80 ærgildisafurðir	gera kr.	480 000
150 ærgildisafurðir	gera kr.	900 000
250 ærgildisafurðir	gera kr.	1 500 000
350 ærgildisafurðir	gera kr.	2 100 000
450 ærgildisafurðir	gera kr.	2 700 000
500 ærgildisafurðir	gera kr.	3 000 000

Dæmi I mundi leiða til eftirfarandi:

Nú kostar 1 lítri nýmjólkur í tveggja lítra fernum	kr.	135
Niðurgreiðsla á mjólk er nú	—	111
	Samtals kr.	246
Grundvallarverð á mjólk er nú	—	162
	<u>Kostnaður er því kr.</u>	<u>84</u>

Verð á 1 lítra yrði því í dæmi I: Grundvallarverð kr. 121 + kostnaður kr. 84 = kr. 205. Verðið yrði því kr. 70 hærra.

Heildsöluverð á 1 kg af fyrsta flokks dilkakjöti er nú	kr.	711
Niðurgreiðslur	—	774
	Samtals kr	1 485
Grundvallarverð er nú	—	1 153
	<u>Kostnaður er því kr.</u>	<u>332</u>

75% grundvallarverðs er	kr.	865
Kostnaður	—	332
	Samtals kr.	1 197
Heildsöluverðið yrði því	—	486 hærra.

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN

Fylgiskjal VII.

Útfluttar landbúnaðarafurðir 1963—1978.

	Verðmæti útfluttra landbúnaðarafurða		Hlutfall út- flutningsverðs af innanlandsverði (3) = (1) : (2) x (100) %	Magnvísitala útfluttra land- bún. vara (m.v. innanlandsverð) 1969=100
	Á óbættu útflutningsverði M.kr.	Á innanlands- verði M.kr.		
1963	259.1	346.6	75	85
1964	292.0	509.3	57	99
1965	226.3	393.1	58	66
1966	252.4	499.5	51	74
1967	276.5	596.2	46	83
1968	404.0	818.1	49	101
1969	440.8	964.8	46	100
1970	438.7	774.4	57	69
1971	431.3	820.3	53	63
1972	537.7	878.9	61	56
1973	803.2	1 453.6	55	73
1974	1 004.4	2 266.5	44	78
1975	1 472.7	2 717.9	54	68
1976	1 832.9	3 837.9	49	72
1977	2 462.1	5 601.3	44	83
1978	4 248.5	10 980.3	39	91

Skýringar:

- 1) Fob.-verð útflutnings, þ. e. óbætt útflutningsverð, er oft áætlað verð útflytjenda, sem getur breyst til hækkunar eða lækkunar.
- 2) Innanlandsverð á ull og gærum tekur ekki tillit til gengishagnaðar, sem kyrrsettur er skv. sérstökum lögum í hverju tilfalli. T. d. urðu verulegar gengislækkunir 1967 og 1968 rétt eftir að haustgrundvöllur var kominn út, endanlega var öll sú hækkun endurgreidd, án þess að koma fram í verði.
- 3) Magnvísitala útfluttra landbúnaðarvara er fengin með því að vega saman nokkrar verðvísitölur og fá þannig út eina allsherjar verðvísitölu. Henni var svo deilt upp í verðvísitölu og þannig fengin út magnvísitala. Önnur og betri aðferð væri að setja allan útflutning á „fast verð“, en sú aðferð hefði verið tímafrekari, en nákvæmari.